

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir skreið á Ítalíumarkað fyrir framleiðslu alls ársins 1989 nema annað verði ákveðið.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir skreið á Ítalíumarkað fyrir framleiðslu alls ársins 1989 nema annað verði ákveðið.

Viðmiðunarverð í SDR pr. tonn cif.

EDDA	30/40	5 852
	40/50	6 753
	50/60	9 229
	60/70	9 369
SAGA	I.P.	7 428
	I.M.	10 054
	I.G.	10 504
ASTRA		5 627

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. apríl 1989.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri, skelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 15. febrúar til 31. maí 1989 nema annað verði ákveðið.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri skelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 15. febrúar til 31. maí 1989 nema annað verði ákveðið.